

## Verkefni 1 – Saga ljósmyndunar

„Ljósmynd er mynd sem hefur verið teiknuð af ljósi“<sup>1</sup> er haft eftir Sylvan Barnet og má með sanni segja að án ljóss verði engin mynd til.

Þegar ég hugsa til eftirminnilegra ljósmynda frá tuttugustu öldinni, þá kemur fyrst upp í huga minn mynd sem ég hengdi fyrir ofan skrifborðið mitt þegar ég var í Menntaskólanum á Ísafirði á árunum 1972-1976. Þetta var hin fræga mynd „*Gerrillero Heroico*“ af Ernesto Guevara, eða Che Guevara eins og hann var kallaður. Sjá mynd 1. Ég ákvað að helga þetta verkefni þeirri mynd og afla mér nánari upplýsinga um hana.



Mynd 1. Skrifborð með skólabókum og fyrir ofan borðið er límd mynd af Che Guevara.

Ljósmyndina frægu tók ljósmyndarinn Alberto Korda árið 1960, en hann var þá ljósmyndari við kúbverska blaðið *Revolución*. Myndin var ekki birt í blaðinu það árið, en hún átti eftir að fara sigurför um heiminn síðar meir og verða táknmynd fyrir byltingahugsjónir unga fólksins í hvaða formi sem er. Sjá mynd 2.



Mynd 2. Myndin af Che Guevara sem hékk fyrir ofan skrifborðið er enn varðveitt.

---

<sup>1</sup> Sylvan Barnet, *A Short Guide to Writing About Art*

Ljósmyndarinn Alberto Korda hét fullu nafni Alberto Diaz Gutierrez og hann var fæddur í Havana á Kúpu þann 14. september 1928.<sup>2</sup> Korda var áhugaljósmyndari en hann vann með öðrum ljósmyndurum og lærði af þeim tæknina sem gerði honum kleift að ráða sig sem fréttaljósmyndara dagblaðsins *Revolución*. Korda varð nokkurs konar hirðljósmyndari Castrós og ríkisstjórnar hans, því hann fylgdi þeim á ferðum þeirra innan- og utanlands og skráði ferðirnar með ljósmyndum. Sjá mynd 3. Alberto Korda lést 25. maí 2001.<sup>3</sup>



Mynd 3. Alberto Korda með filmuna sem hann tók 5. mars 1960.<sup>4</sup>

Þann 5. mars 1960 var Alberto Korda að mynda hóp af fólki sem safnast hafði saman við jarðarför í miðborg Havana. Myndirnar voru flestar af Castro sem hélt af þessu tilefni ræðu. Ernesto Guevara var hluti af mannfjöldanum og Korda smellt tveimur myndum af honum. Sjá mynd 4.



Mynd 4. Myndir sem Alberto Korda tók þann 5. mars 1960.<sup>5</sup>

<sup>2</sup> <http://www.arthistoryarchive.com/arthistory/photography/Alberto-Korda.html>

<sup>3</sup> <http://www.arthistoryarchive.com/arthistory/photography/Alberto-Korda.html>

<sup>4</sup> <http://www.arthistoryarchive.com/arthistory/photography/Alberto-Korda.html>

<sup>5</sup> <http://www.openculture.com/2014/09/photos-of-jean-paul-sartre-simone-de-beauvoir-hanging-with-che-guevara-in-cuba-1960.html>

Á þessum tveimur myndum sem Korda tók af Guevara, var Korda greinilega nálægt Guevara. Þetta eru skyndimyndir, Korda smellir af þeim þegar hann sér Guevara bregða fyrir. Guevara er greinilega ekki meðvitaður um myndatökurnar því hann er afslappaður á myndunum og annars hugar. Á fyrri myndinni sem Korda tók, var líka mynd af öðrum manni og pálmatré. Á seinni myndinni hefur Korda snúið myndavélinni um 90 gráður áður en hann smellti af. Pálmatréð sést til hægri á síðari myndinni. Af líkamsstöðu Che, t.d. axlarstöðu hans, sést að það er fyrri myndin sem átti eftir að verða fræg. Sjá mynd 5.



Mynd 5. Fyrri ljósmyndin sem Korda tók af Guevara.<sup>6</sup>

Við myndatökuna var Korda var með Leica M2 myndavél og á henni var Plus-X filma og 90 mm Leica telephoto linsa.<sup>7</sup> Korda framkallaði myndina sjálfur og eyddi út af henni mannum til vinstri og pálmatrénu til hægri.

Myndin af Guevara var ekki notuð til birtingar í dagblaðinu *Revolución* þegar sagt var frá jarðarförinni og ræðunni sem Castro hélt í tilefni hennar. Síðar meir þegar Korda var spurður um tilurð þessarar myndar, svaraði hann að myndin væri ekki afurð þekkingar eða tæknin, heldur tilviljunar og heppni: "This photograph is not the product of knowledge or technique. It was really coincidence, pure luck."<sup>8</sup>

Það má þó segja að Korda hafi tekist af tilviljun eða með heppni að teikna með ljósi mynd af ungum byltingarmanni sem horfði dreymandi augum fram fyrir sig. Það er einhver stóísk ró yfir svip hans en

<sup>6</sup> <https://eyeondesign.aiga.org/design-history-101-how-1-unknown-photo-of-che-guevara-spawned-a-thousand-copies/>

<sup>7</sup> <http://www.imaging-resource.com/news/2013/06/06/the-extraordinary-story-behind-the-iconic-image-of-che-guevara>

<sup>8</sup> <http://www.arthistoryarchive.com/arthistory/photography/Alberto-Korda.html>

þó í bland við sársauka enda var tilefni dagsins jarðarför. Vindurinn leikur í lokkum hans sem tákn frelsis og á höfðinu er hann með franska alpahúfu.

Það var ekki fyrr en eftir að Che Guevara hafði verið tekinn af lífi árið 1967 sem myndin varð fræg. Sagan segir að ítalski útgefandinn Gianfranco Feltrinelli hafi sett sig í samband við Korda og falast eftir mynd af Guevara. Korda gaf honum þá myndina umræddu og það var Feltrinelli sem lét „laga“ ljósmyndina aðeins til: Eyða út af henni manningnum til vinstri og pálmatrénu til hægri líkt og Korda hafði gert, lýsa upp bakgrunninn og eyða skuggum af andliti Guevara, laga aðeins til lokkaflóðið og gott ef andlit hans var ekki gert eilítið langleitara líka. Sjá mynd 6.



Mynd 6. Mynd Alberto Korda af Che Guevara, eftir að Feltrinelli hafði látið „laga“ hana aðeins til.<sup>9</sup>

---

<sup>9</sup> [https://en.wikipedia.org/wiki/Che\\_Guevara](https://en.wikipedia.org/wiki/Che_Guevara)

Feltrinelli lét prenta veggspjöld með þessari mynd og þau seldust í stóru upplagi. Myndin varð fræg og Feltrinelli græddi mikið fé á útgáfu hennar, en það gerði Korda hins vegar ekki.

Ungt uppreisnargjarnt fólk gerði þessa mynd að tákni sínu: Hún var notuð í byltingunni í París 1968, til að andmæla Víetnamstríðinu í Bandaríkjunum nokkrum árum síðar og í heimavistarherbergi ungs menntskælings á Ísafirði 1976.

### **Heimildir**

Sylvan Barnet, A Short Guide to Writing About Art, bls. 98-109

The Art History Archive – Photography: Alberto Korda, síða skoðuð 29. febrúar 2016. Vefslóð: <http://www.arthistoryarchive.com/arthistory/photography/Alberto-Korda.html>

Eye on design, síða skoðuð 29. febrúar 2016: Vefslóð: <https://eyeondesign.aiga.org/design-history-101-how-1-unknown-photo-of-che-guevara-spawned-a-thousand-copies/>

Openculture, síða skoðuð 1. mars 2016. Vefslóð: <http://www.openculture.com/2014/09/photos-of-jean-paul-sartre-simone-de-beauvoir-hanging-with-che-guevara-in-cuba-1960.html>

Wikipedia, síða skoðuð 1. mars 2016. Vefslóð: [https://en.wikipedia.org/wiki/Che\\_Guevara](https://en.wikipedia.org/wiki/Che_Guevara)

Imaging Resource, síða skoðuð 1. mars 2016. Vefslóð: <http://www.imaging-resource.com/news/2013/06/06/the-extraordinary-story-behind-the-iconic-image-of-che-guevara>